

Stjórnarfundur SKL

Haldinn á Hótel Holti, kl. 08:00, 16.06.2011

Mætt voru Hilmar Oddsson, Silja Hauksdóttir og Óskar Jónasson.

1. Fundargerð síðasta fundar lesin upp og samþykkt.
2. Rætt um handritaworkshop; nokkrar kvikmyndir ræddar sem möguleg 'case studies' – ákveðið að hafa samband við viðkomandi kvikmyndagerðarmenn. Silja ætlar að hafa samband við Friðrik upp á að funda með Laufey.
3. Umræður um kjaramál kvikmyndaleikstjóra. Ákveðið að taka upp þráðinn með þá vinnu sem átti sér stað veturinn 2008 til 2009.
4. Silja tilkynnti að það væri komin ný stjórn í WIFT (Women in Film and Television), 19. júní verða bíósýningar ungra upprennandi leikstjóra og þverkynlegrar pallborðsumræður, undir yfirskriftinni „Af hverju eru konur svona lélegar í kvikmyndagerð?“.
5. SKL þarf að tilnefna fulltrúa í Media, stjórnin stingur upp á Friðriki Þór.

Ritari var Óskar Jónasson.

Stjórnarfundur SKL

Haldinn á Hótel Holti, kl. 08:30, 01.09.2011

Mætt voru Hilmar Oddsson, Friðrik Þór Friðriksson, Ragnar Bragason, Silja Hauksdóttir og Óskar Jónasson.

1. Fundargerð síðasta fundar lesin upp og samþykkt.
2. Rætt um mál Friðriks Guðmundssonar, stjórnin er sammála um að hann hefur ekki kröfu á IHM peninga lengra aftur í tímann en félagsmenn SKL.
3. Endurskoðun á lögum um endurgreiðslu frá ríkinu; formanni er falið að vera í samráði við formenn hinna fagfélaganna.
4. Aðalfundur FERA, staðfest að stjórnin er sammála um að Hilmar Oddsson fari sem fulltrúi félagsins.
5. Martin Daniel, komið hefur í ljós að hann verður ansi dýr, samþykkt að Silja og Friðrik sundurliði kostnaðinn og reyni að fá Laufeyju til að styrkja SKL um helming. Þáttakendur mundu síðan borga 40.000 per handrit, þannig að félagið ætti ekki að þurfa að bera of mikinn kostnað. Ef utanfélagsmenn sýna áhuga á að taka þátt, þá mundu þeir greiða helmingi hærra þáttökugjald, þ.e. 80.000. Talað um að samþykkja að halda workshoppið í lok nóvember. Æskilegt að rukka 20.000 inn sem staðfestingargjald. Engar takmarkanir á lengd treatmenta eða handrita.
6. Stjórnin telur að það nægi félaginu að halda utan um workshop Martin Daniel að svo stöddu; ákveðið að láta vinnbúðirnar, sem rætt hefur um, bíða fram yfir áramót.

Ritari var Óskar Jónasson.